

## Starfsleyfi

### Til niðurrips á Skipsflaki – Orri ÍS 180 á Höfninni á Flateyri

Leyfishafi: Keyrt og mokað ehf

Kt: 5901173070

Starfsstöð Höfnin Flateyri 425 Flateyri

Útgáfudagur leyfis: 2. febrúar 2024 Gildir til: 2. febrúar 2025

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og önnur lög eða reglur er starfsemina varða, svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlit. Ef fyrirtækið flytur eða eigendaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið heilbrigðiseftirlit, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign eða lóð tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s. br.

Lög um meðhöndlun úrgangs sem og tilheyrandí reglugerðir nr. 55/2003

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018

Reglugerð um olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017

2. janúar 2024

---

Anton Helgason  
heilbrigðisfulltrúi

# HE Heilbrigðiseftirlit VF Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.is

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarir og með vísun í ákvæði 5. gr. Reglugerðar nr. 550/2018 um útblástur frá atvinnustarfsemi og mengunareftirlit, með síðari breytingum og liðar 9.14 í viðauka X við sömu reglugerð er fjallar um viðhald og niðurrif skipa

**Leyfið gildir frá 2. febrúar 2024 til 2. febrúar 2025**

Leyfið er gefið út með skilyrðum að ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarir sé fylgt hverju sinni einnig ákvæðum III kafla reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað eru um skyldur rekstaraðila til að draga úr myndun úrgangs, stuðla að réttari meðhöndlun hans, endurnotkun og endurnýtingu, geymslu og förgun ásamt ákvæpum um þrifnað lóða sem og neðangreidum starfsleyfiskilyrðum sem um starfsemina gilda.

## *Gildissvið*

Leyfið tekur til niðurrifs á einum bát/skipsflaki Orra ÍS-180 á höfninni 425 Flateyri Leyfishafi Keyrt og mokað ehf ber fulla ábyrgð af öllum þáttum niðurriffsins. Leyfið tekur til allra verkþátta við ofangreinda framkvæmd, meðhöndlun og flutningi til enduryinnslu eða til förgunar.

## *Endunotkun, endurnýting og förgun á byggingarárgangi*

Búnaður, hráefni til enduryinnssu og úrgangur sem til fellur eða myndast við niðurrifið skal flytja á brott jaf harðan í viðurkenndan farveg. Öll brennsla á úrgangi á svæðinu er bönnuð.

## *Spilliefni:*

Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að framkvæmdasvæðið verði hreinað í lok verktíma og öllusem til fellur verði komið í endurnýtingu eða í viðurkennda förgun.

Varnir gegn slysum og mengun:

Starfleyfishafi skal tryggja að engin slysahætta fyrir utanaðkomandi stafi frá starfseminni á framkvæmdatímanum m.a. með því að takmarka umferð um svæðið.

## *Úttektir og eftirlit:*

Eintök af starfsleyfiskiiðum skulu ávalt tiltæk á vinnustað. Um eftirlit fer skv. Ákæðm reglugerða 550/2018 um útblástur frá atvinnustarfsemi og mengunareftirlit

Fara skal eftir [almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi](#).

# ALMENN STARFSLEYFISSKIL YRÐI FYRIR

## MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.  
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og  
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig  
auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem  
ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

# HE Heilbrigðiseftirlit

## VF Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.is

### 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slysahættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig hártað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft – eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	

**HE Heilbrigðiseftirlit  
VF Vestfjarða**

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.is

3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum íflátum. Hættuleg efni skulu meðhöndlud af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndlud af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnunum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

# HE Heilbrigðiseftirlit

## VF Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.is

4.4	<p>Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategendum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjasí.</p>	806/1999	
4.5	<p>Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.</p>	806/1999	
4.6	<p>Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækini.</p>	806/1999 11. gr.	
4.7	<p>Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.</p>	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

## 5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	550/2018 og lög nr. 7/1998	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.